

**Úrkomumælingar í safnmælum á vegum
Orkustofnunar 1990-1991**

Oddur Sigurðsson

Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1990 - 1991

Inngangur

Lýst er athugunum í safnmælum („totalisatorum“) á hálandinu frá ágúst-október 1990 til október 1991, sem Vatnamælingar Orkustofnunar annast um. Niðurstöður birtast í Ársyfirliti Veðráttunnar, útgefnu af Veðurstofu Íslands. Greinargerðin er rituð til þess að koma þessum athugunum á framfæri við Veðurstofuna.

Athuganir 1990 og 1991

Við er til tveggja bréfa Bjarna Kristinssonar, Orkustofnun, til Veðurstofunnar, dags. 1987-04-21 og 1987-09-07, greinargerðar Kristins Einarssonar 01/89, en þar er lýst athugunum í safnmælum 1986, 1987 og 1988 og greinargerðar Odds Sigurðssonar (OSig-01/90) um mælingar í safnmælum 1989 og 1990. Um mælinn í Krepputungu sér Ásgeir Gunnarsson á Egilsstöðum.

Í töflu 1 eru gefnar tölur um athuganir í safnmælum 1990-1991. „-ný staða“ gefur álestur að aflokinni tæmingu og enduráfyllingu með saltblöndu og olfu.

Við umreikning á mældum cm í safnmæli yfir í mm úrkomu er miðað við tölur í skilagrein Vatnamælinga nr. 164 „Snjómæling inni á hálandinu. Úrkomumælingar“, sem Sigurjón Rist ritaði síðla árs 1958. Þar er lýst kvörðun á safnmælinum í Jökulheimum, en hann mun vera sömu gerðar og aðrir safnmælar á hálandinu. Samkvæmt henni er hlutfallið milli þverskurðarflatarmáls söfnunarbelgs og mæliops $14,16 \pm 0,10$. Hver cm í safnmæli svarar þá til 141,6 mm úrkomu, og er sá fasti notaður hér á eftir í töflu 2, en þar er gefin úrkoma í safnmælum 1990 - 1991.

Skipt var um í safnmælunum í Jökulheimum og Ljósufjöllum 10. október 1991 og í mælunum í Kjalöldum, Veiðivatnahrauni og við Hald þann 11. október 1991. Í mælinum í Krepputungu var síðast skipt 15. ágúst 1990.

Ein mæling úr safnmælinum á Bláfellshálsi flýtur hér með en annars sér Veðurstofan um mælingar þar og á Fimmvörðuhálsi.

TAFLA 1. Athuganir í safnmælum 1990-1991				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Dags.	Álestur cm
Bláfellsháls	64°32'N 19°53'W	550	1991-04-21	-79,7
Hald við Tungnaá -ný staða	64°10'N 19°24'W	290	1990-10-04	-86,2
			1990-10-04	-90,0
			1991-10-11	-83,6
-ný staða			1991-10-11	-90,6
Veiðivatnahraun -ný staða	64°21'N 18°39'W	605	1990-10-04	-82,3
			1990-10-04	-86,3
			1991-09-14	-81,1
			1991-10-11	-80,7
-ný staða			1991-10-11	-87,4
Ljósufjöll -ný staða	64°14'N 18°34'W	645	1990-10-03	-82,6
			1990-10-03	-85,3
			1991-09-15	-79,4
			1991-10-10	-79,0
-ný staða			1991-10-10	-86,8
Jökulheimar -ný staða	64°18'N 18°15'W	675	1990-10-03	-84,5
			1990-10-03	-88,2
			1991-09-15	-82,4
			1991-10-10	-81,8
-ný staða			1991-10-10	-89,8
Kjalöldur -ný staða	64°26'N 18°55'W	590	1990-10-04	-85,2
			1990-10-04	-88,9
			1991-03-10	-86,9
			1991-10-11	-84,0
-ný staða			1991-10-11	-89,4
Krepputunga -ný staða	65°05'N 16°13'W	550	1990-08-15	-89,6
			1990-08-17	-92,0
			1991-03-21	-91,1
			1991-05-31	-90,7
			1991-07-24	-90,0
			1991-08-20	-89,8
			1991-10-15	-89,0

TAFLA 2. Úrkoma í safnmælum 1990-1991				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Tímabil	Úrkoma mm
Hald við Tungnaá	64°10'N 19°24'W	290	1990-10-04 - 1991-10-11	906
Veiðivatnahraun	64°21'N 18°39'W	605	1990-10-04 - 1991-10-11	793
Ljósufjöll	64°14'N 18°34'W	645	1990-10-03 - 1991-10-10	892
Jökulheimar	64°18'N 18°15'W	675	1990-10-03 - 1991-10-10	595
Kjalöldur	64°26'N 18°55'W	590	1990-10-04 - 1991-10-10	694
Krepputunga	65°05'N 16°13'W	550	1990-08-15 - 1991-10-15	425